

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2006/12/EB fellur tilskipun 75/442/EBE úr gildi, en sú gerð er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í stað texta í 27. lið (tilskipun ráðsins 75/442/EBE) í XX. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**32006 L 0012**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2005 um úrgang (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/12/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 55, og EES-viðbætur nr. 60, 30.11.2006, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.